

| | | |
|--------------|---|----|
| | I EES-STOFNANIR | |
| | 1. EES-ráðið | |
| | 2. Sameiginlega EES-nefndin | |
| 96/EES/16/01 | Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/96 frá 26. janúar 1996 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn..... | 01 |
| | Ákvörðun nr. 156 frá 7. apríl 1995 um forgangsreglur í tengslum við bótarétt vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar sem samþykktar voru af framkvæmdaráði Evrópubandalagsins um almannatryggingar farandlaunþega..... | 02 |
| 96/EES/16/02 | Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/96 frá 26. janúar 1996 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn..... | 04 |
| | Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/26/EB frá 29. júní 1995 um breytingu á tilskipunum 77/780/EBE og 89/646/EBE um lánastofnanir, tilskipunum 73/239/EBE og 92/49/EBE um aðrar tryggingar en líftryggingar, tilskipunum 79/267/EBE og 92/96/EBE um líftryggingar, tilskipun 93/22/EBE um fjárfestingarfyrirtæki og tilskipun 85/611/EBE um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS), með það í huga að efla eftirlit á þessum sviðum..... | 06 |
| 96/EES/16/03 | Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/96 frá 26. janúar 1996 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn..... | 13 |
| | Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/30/EB frá 30. júní 1995 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 90/679/EBE um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum (sjöunda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE..... | 14 |
| | 3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin | |
| | 4. Ráðgjafarnefnd EES | |
| | II EFTA-STOFNANIR | |
| | 1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna | |
| | 2. Eftirlitsstofnun EFTA | |
| | 3. EFTA-dómstóllinn | |
| | III EB-STOFNANIR | |
| | 1. Ráðið | |

2. Framkvæmdastjórnin

| | | |
|--------------|---|----|
| 96/EES/16/04 | Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.737 - Sandoz/Ciba-Geigy)..... | 16 |
| 96/EES/16/05 | Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.740 - Krupp II)..... | 16 |
| 96/EES/16/06 | Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 varðandi mál nr. IV/E-3/35.757 - British Gas plc - Network Code..... | 17 |
| 96/EES/16/07 | Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 varðandi mál nr. IV/E-3/35.875 - Nuclear Electric plc/British Nuclear Fuels plc..... | 18 |
| 96/EES/16/08 | Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 varðandi mál nr. IV/E-3/35.876 - Scottish Nuclear Ltd/British Nuclear Fuels plc..... | 18 |
| 96/EES/16/09 | Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.651 - AT&T/Philips)..... | 19 |
| 96/EES/16/10 | Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.672 - BP/Sonatrach)..... | 19 |
| 96/EES/16/11 | Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.685 - Siemens/Lagardere)..... | 19 |
| 96/EES/16/12 | Skrá yfir ákvarðanir og tilskipanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt..... | 20 |
| 96/EES/16/13 | Ríkisaðstoð - Mál nr. C 2/88 - Grikkland..... | 20 |
| 96/EES/16/14 | Ríkisaðstoð - Mál nr. C 54/95 - Ítalía..... | 20 |
| 96/EES/16/15 | Ríkisaðstoð - Mál nr. C 55/95 - Ítalía..... | 21 |
| 96/EES/16/16 | Ríkisaðstoð - Mál nr. C 61/95 - Þýskaland..... | 21 |
| 96/EES/16/17 | Ríkisaðstoð - Mál nr. C 5/96 - Frakkland..... | 22 |
| 96/EES/16/18 | Orðsending frá frönskum stjórnvöldum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni..... | 22 |
| 96/EES/16/19 | Reglur um aðstoð við gerviefnaiðnaðinn..... | 22 |
| 96/EES/16/20 | Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir..... | 23 |

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/16/01

nr. 1/96
frá 26. janúar 1996

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/95 frá 22. júní 1995⁽¹⁾.

Ákvörðun nr. 156 frá 7. apríl 1995 um forgangsreglur í tengslum við bótarétt vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar sem samþykktar voru af framkvæmdaráði Evrópubandalagsins um almannatryggingar farandlaunþega⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 42d (ákvörðun nr. 151) í VI. viðauka við samninginn:

„42e. **395 X 0156:** Ákvörðun nr. 156 frá 7. apríl 1995 um forgangsreglur í tengslum við bótarétt vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar (Stjtíð. EB nr. L 249, 17. 10. 1994, bls. 41).“.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar 156 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 26. janúar 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

Françoise Gaudenzi-Aubier

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtíð. EB nr. L 249, 17. 10. 1995, bls. 41.

ÁKVÖRDUN nr. 156**frá 7. apríl 1995****um forgangsreglur í tengslum við bótarétt vegna veikinda
og meðgöngu og fæðingar****(95/419/EB)****FRAMKVÆMDARÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI
FARANDLAUNÞEGA HEFUR,**

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja, en samkvæmt henni skal framkvæmdaráðið fjalla um öll mál er varða framkvæmd ákvæða reglugerðarinnar,

með hliðsjón af 2. mgr. 34. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 þar sem kveðið er á um að ákvæði téðrar reglugerðar um veitingu aðstoðar vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar til lífeyrisþega og aðstandenda þeirra (27. til 33. gr.) gildi „ekki um lífeyrisþega eða aðstandendur hans hafi hann áunnið sér rétt til aðstoðar samkvæmt löggjöf aðildarríkis með því að stunda atvinnustarfsemi. Í slíkum tilvikum gildir það sama um hlutaðeigandi einstakling, að því er varðar framkvæmd þessa kafla, og um launþega eða sjálfstætt starfandi einstakling eða aðstandendur þeirra“,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að afmarka nákvæmlega umfang þessarar greinar og rýmka gildissvið hennar til þess að koma í veg fyrir ósamræmi í túlkun almannatryggingastofnana aðildarríkjanna.

Setja ætti forgangsreglur um beitingu ákvæða kaflans um veikindi og meðgöngu og fæðingu í reglugerðinni þegar atvinnulaus maður tekur upp hlutastarf á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en því þar sem hann fær atvinnuleysisbætur.

Nauðsynlegt er að setja forgangsreglur um beitingu ákvæða kaflans um veikindi og meðgöngu og fæðingu þegar lífeyrisþegi sem starfar í öðru aðildarríki verður atvinnulaus.

Þessar forgangsreglur mega þó ekki leiða til þess að afleidd réttindi séu tekin fram yfir persónuleg réttindi.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. Ákvæði 25. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 gilda ekki um einstakling sem er með öllu atvinnulaus en tekur aftur upp hlutastarf eða aðstandendur hans sem eiga rétt á bótum samkvæmt löggjöf aðildarríkis á grundvelli slíkrar atvinnu. Í því tilviki skal hlutaðeigandi einstaklingur teljast, að því er varðar kaflann um veikindi og meðgöngu og fæðingu í téðri reglugerð, launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur og aðstandendur hans aðstandendur launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings.

2. Ákvæði 27. til 33. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 skulu ekki gilda um lífeyrisþega eða aðstandendur þeirra sem eiga rétt á bótum samkvæmt löggjöf aðildarríkis á grundvelli atvinnuleysisbóta. Í því tilviki skal hlutaðeigandi einstaklingur teljast, að því er varðar kaflann um veikindi og meðgöngu og fæðingu í tédri reglugerð, launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur sem hefur orðið atvinnulaus og aðstandendur hans aðstandendur launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings sem hefur orðið atvinnulaus.
3. Beiting 2. mgr. 34. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og framangreind ákvæði fá því ekki breytt, hvað varðar hlutaðeigandi einstakling, að persónuleg réttindi sem hann hefur öðlast með atvinnu sinni, atvinnuleysi eða lífeyristöku eru réthærri afleiddum réttindum sem honum hafa áskotnast vegna annars einstaklings sem aðstandandi eða eftirlifandi einstaklingur.
4. Ákvörðun þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Formaður framkvæmdaráðsins

Monique MOUSSEAU

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/16/02

nr. 2/96
frá 26. janúar 1996

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/95 frá 19. maí 1995⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/26/EB frá 29. júní 1995 um breytingu á tilskipunum 77/780/EBE og 89/646/EBE um lánastofnanir, tilskipunum 73/239/EBE og 92/49/EBE um aðrar tryggingar en líftryggingar, tilskipunum 79/267/EBE og 92/96/EBE um líftryggingar, tilskipun 93/22/EBE um fjárfestingarfyrirtæki og tilskipun 85/611/EBE um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS), með það í huga að efla eftirlit á þessum sviðum⁽²⁾ skal fell inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 15. lið (tilskipun ráðsins 77/780/EBE) í IX. viðauka við samninginn:

„- **395 L 0026:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/26/EB frá 29. júní 1995 (Stjttíð. EB nr. L 168, 18. 7. 1995, bls. 7).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 16. lið (tilskipun ráðsins 89/646/EBE) í IX. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **395 L 0026:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/26/EB frá 29. júní 1995 (Stjttíð. EB nr. L 168, 18. 7. 1995, bls. 7).“

3. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (tilskipun ráðsins 73/239/EBE) í IX. viðauka við samninginn:

„- **395 L 0026:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/26/EB frá 29. júní 1995 (Stjttíð. EB nr. L 168, 18. 7. 1995, bls. 7).“

4. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 7a (tilskipun ráðsins 92/49/EBE) í IX. viðauka við samninginn:

„- **395 L 0026:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/26/EB frá 29. júní 1995 (Stjttíð. EB nr. L 168, 18. 7. 1995, bls. 7).“

5. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 11. lið (tilskipun ráðsins 79/267/EBE og tilskipun ráðsins 92/96/EBE) í IX. viðauka við samninginn:

„- **395 L 0026:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/26/EB frá 29. júní 1995 (Stjttíð. EB nr. L 168, 18. 7. 1995, bls. 7).“

6. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 30b (tilskipun ráðsins 93/22/EBE) í IX. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **395 L 0026:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/26/EB frá 29. júní 1995 (Stjttíð. EB nr. L 168, 18. 7. 1995, bls. 7).“

7. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 30. lið (tilskipun ráðsins 85/611/EBE) í IX. viðauka við samninginn:

„- **395 L 0026:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/26/EB frá 29. júní 1995 (Stjttíð. EB nr. L 168, 18. 7. 1995, bls. 7).“

8. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/26/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 168, 18. 7. 1995, bls. 7.

9. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

10. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 26. janúar 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

Françoise Gaudenzi-Aubier

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 95/26/EB

frá 29. júní 1995

um breytingu á tilskipunum 77/780/EBE og 89/646/EBE um lánastofnanir, tilskipunum 73/239/EBE og 92/49/EBE um aðrar tryggingar en líftryggingar, tilskipunum 79/267/EBE og 92/96/EBE um líftryggingar, tilskipun 93/22/EBE um fjárfestingarfyrirtæki og tilskipun 85/611/EBE um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS), með það í huga að efla eftirlit á þessum sviðum

EVROÞUPINGID OG RAD EVROÞUSAMBANDSINS HABA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum fyrsta og þriðja málslið 2. mgr. 57. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum ⁽³⁾, á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 11. maí 1995,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

(1) Komið hefur í ljós að þörf er á að breyta ákveðnum tilskipunum ráðsins í ákveðnum atriðum, til að mynda þarf að skilgreina almennan ramma utan um rekstur lánastofnana, váttryggingafélaga, fjárfestingarfyrirtækja og fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS), nánar tiltekið tilskipunum 77/780/EBE ⁽⁴⁾ og 89/646/EBE, tilskipunum 73/239/EBE ⁽⁵⁾ og 92/49/EBE, tilskipunum 79/267/EBE ⁽⁶⁾ og 92/96/EBE, tilskipun 93/22/EBE ⁽⁷⁾ og tilskipun 85/611/EBE ⁽⁸⁾, með það í huga að auka eftirlit á þessum sviðum. Æskilegt er að gera sambærilegar ráðstafanir á sviði fjármálaþjónustu.

(2) Í þessum tilskipunum eru meðal annars ákvæði um hvaða skilyrði þarf að uppfylla áður en lögbærum yfirvöldum er heimilt að veita leyfi til að reka viðkomandi starfsemi.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 229, 25. 8. 1993, bls. 10.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 52, 14. 2. 1994, bls. 15.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 9. mars 1994 (Stjttíð. EB nr. C 91, 28. 3. 1994, bls. 61), sameiginleg afstaða ráðsins frá 6. júní 1994 (Stjttíð. EB nr. C 213, 3. 8. 1994, bls. 29), ákvörðun Evrópuþingsins frá 26. október 1994 (Stjttíð. EB nr. C 323, 21. 11. 1994, bls. 56).

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 322, 17. 12. 1977, bls. 30. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 89/646/EBE (Stjttíð. EB nr. L 386, 30. 12. 1989, bls. 1).

⁽⁵⁾ Stjttíð. EB nr. L 228, 16. 8. 1973, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/49/EBE (Stjttíð. EB nr. L 228, 11. 8. 1992, bls. 1).

⁽⁶⁾ Stjttíð. EB nr. L 63, 13. 3. 1979, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/96/EBE (Stjttíð. EB nr. L 360, 9. 12. 1992, bls. 1).

⁽⁷⁾ Stjttíð. EB nr. L 141, 11. 6. 1993, bls. 27.

⁽⁸⁾ Stjttíð. EB nr. L 375, 31. 12. 1985, bls. 3. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 88/220/EBE (Stjttíð. EB nr. L 100, 19. 4. 1988, bls. 31).

(3) Lögbær yfirvöld ættu ekki að veita fjármagnsfyrirtæki leyfi, eða viðhalda leyfi þess, ef nán tengsl milli þessa fyrirtækis og annarra einstaklinga eða löggjafara geta hindrað yfirvöldin í að sinna eftirlitshlutverki sínu sem skyldi. Fjármagnsfyrirtæki sem hafa þegar hlotið leyfi verða einnig að fullnægja skilyrðum lögbærra yfirvalda að þessu leyti.

(4) Skilgreiningin á hugtakinu „nán tengsl“, sem sett er fram í þessari tilskipun, byggir á lágmarksviðmiðunum og ekkert er því til fyrirstöðu að aðildarríkin geti notað hana við aðrar aðstæður en þær sem skilgreiningin gerir ráð fyrir.

(5) Það eitt að hafa eignast verulegan hluta af fjármagni fyrirtækis leiðir ekki til viðskiptahagsmuna í skilningi þessarar tilskipunar, ef einungis hefur verið stofnað til eignaraðildarinnar sem tímabundinn fjárfestingar sem dugir ekki til að hafa áhrif á uppbyggingu eða fjármálastefnu fyrirtækisins.

(6) Þegar því er haldið fram að eftirlitsyfirvöld hafi gegnt eftirlitshlutverki sínu á fullnægjandi er átt við eftirlit á samstæðugrundvelli, sem verður að hafa með fjármagnsfyrirtæki, enda sé kveðið á um slíkt í lögum bandalagsins. Þegar svo ber undir verða yfirvöldin sem sótt er um leyfi til að vera fær um að benda á yfirvöld sem eru bær til að hafa eftirlit á samstæðugrundvelli með því fjármagnsfyrirtæki.

(7) Í meginreglunum um gagnkvæma viðurkenningu og eftirlit heimarríkis er gengið út frá því að lögbær yfirvöld aðildarríkjanna veiti ekki eða afturkalli leyfi þegar til að mynda efni starfsáætlana, landfræðileg staðsetning eða eiginlegar aðgerðir benda ótvírætt til þess að fjármagnsfyrirtæki hafi valið réttarkerfi tiltekna aðildarríkis til að komast hjá strangari ákvæðum sem gilda í aðildarríkinu þar sem það hefur í hyggju að reka eða rekur þegar stærstan hluta starfsemi sinnar. Fjármagnsfyrirtæki sem er löggjafara verður að hafa leyfi í aðildarríkinu þar sem það er með skráða skrifstofu. Fjármagnsfyrirtæki sem er ekki löggjafara verður að hafa aðalskrifstofu sína í

aðildarríkinu þar sem það hefur fengið leyfi. Að auki verða aðildarríkin að krefjast þess að aðalskrifstofa fjármagnsfyrirtækis sé alltaf í heimaríkinu og starfi þar í raun og veru.

- (8) Rétt er að gera ráð fyrir þeim möguleika að skipst sé á upplýsingum milli lögbærra yfirvalda og yfirvalda eða stofnana sem í krafti stöðu sinnar stuðla að því að auka stöðugleika fjármálakerfisins. Til að vernda þá leynd sem hvílir yfir upplýsingunum verður að gæta þess að fjöldi viðtakenda sé mjög takmarkaður.
- (9) Tiltekið athæfi, svo sem svik eða innherjaviðskipti, getur haft áhrif á stöðugleika fjármálakerfisins og hve heilsteypt það er, jafnvel þegar það snertir önnur fyrirtæki en fjármagnsfyrirtæki.
- (10) Nauðsynlegt er að fastsetja við hvaða skilyrði slík upplýsingaskipti eru heimilud.
- (11) Þegar kveðið er á um að einungis megi framsenda upplýsingar liggi fyrir skýlaust samþykki lögbærra yfirvalda, geta þau, þegar svo ber undir, sett það skilyrði fyrir samþykki sínu að farið sé að ströngum fyrirmælum.
- (12) Einnig ætti að heimila skipti á upplýsingum milli lögbærra yfirvalda annars vegar og seðlabanka og annarra stofnana sem gegna svipuðu hlutverki á sviði peningamála hins vegar og, eftir atvikum, annarra opinberra yfirvalda sem annast eftirlit með greiðsluferfum.
- (13) Í tilskipun 85/611/EBE ber að setja sömu reglur um þagnarskyldu gagnvart yfirvöldum sem úthluta leyfum til og hafa eftirlit með fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum, og fyrirtækjum sem leggja af mörkum til þessarar starfsemi, og kveða á um sömu tækifæri til að skiptast á upplýsingum og veitt eru yfirvöldum sem hafa það hlutverk að úthluta leyfum og hafa eftirlit með lánastofnunum, fjárfestingarfyrirtækjum og váttryggingafélögum.
- (14) Með þessari tilskipun eru öll ákvæði sem gilda um upplýsingaskipti milli yfirvalda á fjármálasviðinu í heild samræmd eins og kveðið er á um í tilskipun 93/22/EBE.
- (15) Með það í huga að auka eftirlit með fjármagnsfyrirtækjum og vernda viðskiptavinum slíkra fyrirtækja skal mæla fyrir um að löggiltum endurskoðanda beri skylda til að upplýsa lögbær yfirvöld jafnharðan, í þeim tilvikum sem kveðið er á um í þessari tilskipun, komist hann við störf sín á snoðir um tiltekin málsatvik sem geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir fjárhagsstöðu eða stjórnsýslu og reikningshald fjármagnsfyrirtækis.
- (16) Með hliðsjón af settu markmiði er æskilegt að aðildarríkin kveði á um að sama skylda gildi í öllum tilvikum þegar

endurskoðandi kemst á snoðir um slík málsatvik við störf sín í fyrirtæki sem hefur nán tengsl við fjármagnsfyrirtæki.

- (17) Skylda endurskoðanda til að upplýsa lögbær yfirvöld við vissar aðstæður um tiltekin málsatvik og ákvarðanir, sem varða fjármagnsfyrirtæki og þeir hafa komist á snoðir um við störf sín í fyrirtækjum sem eru ekki fjármagnsfyrirtæki, breytir í sjálfu sér ekki eðli starfa þeirra í viðkomandi fyrirtæki né heldur með hvaða hætti þeir inna störf sín af hendi í fyrirtækinu.
- (18) Samþykkt þessarar tilskipunar er best til þess fallin að ná tilsettum markmiðum og einkum er hún vel til þess fallin að styrkja umbod lögbærra yfirvalda. Þessi tilskipun tekur aðeins til þeirra lágmarkskrafna sem uppfylla þarf til að ná þessum markmiðum og gengur ekki lengra en nauðsyn krefur í því tilliti.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað hugtaksins „fjármagnsfyrirtæki“ komi í þessari tilskipun:

- „lánastofnun“ þar sem um er að ræða breytingar á tilskipunum 77/780/EBE og 89/646/EBE;
- „váttryggingafélag“ þar sem um er að ræða breytingar á tilskipunum 73/239/EBE og 92/49/EBE og „líftryggingafyrirtæki“ þar sem um er að ræða breytingar á tilskipunum 79/267/EBE og 92/96/EBE;
- „fjárfestingarfyrirtæki“ þar sem um er að ræða breytingar á tilskipun 93/22/EBE;
- „fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) eða fyrirtæki sem leggur af mörkum til starfsemi þess“ þar sem um er að ræða breytingar á tilskipun 85/611/EBE.

2. gr.

1. - Sem fimmti undirliður í 1. gr. tilskipunar 77/780/EBE,
 - sem l-liður í 1. gr. tilskipunar 92/49/EBE,
 - sem m-liður í 1. gr. tilskipunar 92/96/EBE,
 - sem 15. tölul. í 1. gr. tilskipunar 93/22/EBE,

komi eftirfarandi skilgreining:

„nán tengsl“: þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur tengjast í gegnum:

- (a) „viðskiptahagsmuni“, hér er átt við eignarhald á minnst 20% atkvæðisréttar eða fjármagns fyrirtækis, beint eða með yfirráðarétti; eða

- (b) „yfirráð“, hér er átt við tengsl á milli móðurfyrirtækis og dótturfyrirtækis, í öllum tilvikunum sem vísað er til í 1. og 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE(*), eða sambærileg tengsl milli einstaklings eða löggjafar og fyrirtækis; einnig skal litið á dótturfyrirtæki dótturfyrirtækis sem dótturfyrirtæki móðurfyrirtækis sem er í forsvari fyrir þessi fyrirtæki.

Þegar svo ber undir að tveir eða fleiri einstaklingar eða löggjafar eru varanlega tengdar sömu persónunni með yfirráðatengslum skal einnig litið á það sem nán tengsl milli aðila.

(*) Stjórnartíð. EB nr. L 193, 18. 7. 1983, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 90/605/EBE (Stjórnartíð. EB nr. L 317, 16. 11. 1990, bls. 60).“

2. Eftirfarandi undirgreinar bætast við í lok:

- 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 77/780/EBE,
- 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 93/22/EBE,
- 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 73/239/EBE,
- 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 79/267/EBE:

„Ef nán tengsl eru fyrir hendi milli fjármagns-fyrirtækis og annarra einstaklinga eða löggjafara skulu lögbær yfirvöld einungis veita leyfi ef sýnt er að þessi tengsl koma ekki í veg fyrir að þau sinni eftirlitshlutverki sínu.“

Lögbær yfirvöld skulu jafnframt synja um leyfi ef lög og stjórnsluákvæði þriðja lands, sem gilda um einn eða fleiri einstaklinga eða löggjafara sem fyrirtækið hefur nán tengsl við, eða vandkvæði tengd framkvæmd þeirra koma í veg fyrir að þau geti sinnt eftirlitshlutverki sínu sem skyldi.

Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að fjármagns-fyrirtæki veiti þeim nauðsynlegar upplýsingar svo þau geti gengið úr skugga um að jafnan sé farið að skilyrðunum sem um getur í þessari málsgrein.“

3. gr.

1. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 8. gr. tilskipunar 73/239/EBE og 8. gr. tilskipunar 79/267/EBE:

„1a. Aðildarríkin skulu krefjast þess að aðalskrifstofur váttryggingafélaga séu staðsettar í sama aðildarríki og skráðar skrifstofur þeirra.“

2. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 3. gr. tilskipunar 77/780/EBE:

- „2a. Hvert aðildarríki um sig skal krefjast þess að:
- lánastofnanir sem eru löggjafar, og hafa skráða

skrifstofu samkvæmt eigin landslögum, hafi aðalskrifstofu sína í sama aðildarríki og skráða skrifstofu sína,

- aðrar lánastofnanir hafi aðalskrifstofu í því aðildarríki sem gaf út leyfi og þar sem starfsemi þeirra fer fram í raun.“

4. gr.

1. Í 16. gr. tilskipunar 92/49/EBE og 15. gr. tilskipunar 92/96/EBE bætist eftirfarandi málsgrein við:

„5a. Þrátt fyrir 1. til 4. mgr. geta aðildarríkin leyft skipti á upplýsingum milli lögbærra yfirvalda og:

- yfirvalda sem annast eftirlit með stofnunum sem tengjast félagsslitum og gjaldþrotaskiptum fjármagns-fyrirtækja og annarra ámóta meðferð, eða
- yfirvalda sem annast eftirlit með einstaklingum sem sjá um lögboðna endurskoðun reikninga váttryggingafélaga, lánastofnana, fjárfestingar-fyrirtækja og annarra fjármagnsfyrirtækja, eða
- óháðra tryggingafræðinga váttryggingafélaga sem annast lögboðið eftirlit með þeim fyrirtækjum, svo og stofnana sem annast eftirlit með þessum trygginga-fræðingum.

Aðildarríki sem nýta sér þann kost sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein skulu krefjast þess að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt hið minnsta:

- upplýsingarnar skulu fengnar til að annast eftirlit eins og um getur í fyrstu undirgrein,
- um upplýsingar sem eru fengnar í þessu sambandi skulu gilda ákvæði 1. mgr. um þagnarskyldu,
- séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki er ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis frá lögbærum yfirvöldum sem hafa afhent þær og þá einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum hvaða yfirvöld, einstaklingar og stofnanir geta þegið upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein.“

2. Í 12. gr. tilskipunar 77/780/EBE og 25. gr. tilskipunar 93/22/EBE bætist eftirfarandi málsgrein við:

„5a. Þrátt fyrir 1. til 4. mgr. geta aðildarríkin leyft skipti á upplýsingum milli lögbærra yfirvalda og:

- yfirvalda sem annast eftirlit með stofnunum sem tengjast félagsslitum og gjaldþrotaskiptum fjármagnsfyrirtækja og annarri ámóta meðferð, eða
- yfirvalda sem annast eftirlit með einstaklingum sem sjá um lögboðna endurskoðun reikninga váttryggingafélaga, lánastofnana, fjárfestingarfyrirtækja og annarra fjármagnsfyrirtækja.

Aðildarríki sem nýta sér þann kost sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein skulu krefjast þess að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt hið minnsta:

- upplýsingarnar skulu fengnar til að annast eftirlit eins og um getur í fyrstu undirgrein,
- um upplýsingar sem eru fengnar í þessu sambandi skulu gilda ákvæði 1. mgr. um þagnarskyldu,
- séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki er ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis frá lögbærum yfirvöldum sem hafa afhent þær og þá einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum hvaða yfirvöld geta þegið upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein.“

3. Í 12. gr. tilskipunar 77/780/EBE, 16. gr. tilskipunar 92/49/EBE, 25. gr. tilskipunar 93/22/EBE og 15. gr. tilskipunar 92/96/EBE bætist eftirfarandi málsgrein við:

„5b. Þrátt fyrir 1. til 4. mgr. geta aðildarríkin, með það að markmiði að auka stöðugleika fjármálakerfisins og gera það heilsteypara, leyft skipti á upplýsingum milli lögbærra yfirvalda og yfirvalda eða stofnana sem hafa það hlutverk samkvæmt lögum að ljósra upp um og rannsaka brot á félagarétti.

Aðildarríki sem nýta sér þann kost sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein skulu krefjast þess að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt hið minnsta:

- upplýsingarnar skulu fengnar til að annast eftirlit eins og um getur í fyrstu undirgrein,
- um upplýsingar sem eru fengnar í þessu sambandi skulu gilda ákvæði 1. mgr. um þagnarskyldu,
- séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki er ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis frá lögbærum yfirvöldum sem hafa afhent þær og þá einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

Ef svo ber undir í aðildarríki að yfirvöld eða stofnanir, sem um getur í fyrstu undirgrein, njóta við uppljóstranir eða rannsóknir sínar aðstoðar einstaklinga, sem hafa verið tilnefndir í þessu skyni vegna sérþekkingar sinnar en starfa ekki á vegum hins opinbera, er heimilt að láta hugsanleg upplýsingaskipti, sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, ná einnig til slíkra einstaklinga með þeim skilyrðum sem sett eru í annarri undirgrein.

Við beitingu síðasta undirliðar annarrar undirgreinar ber yfirvöldum eða stofnunum sem um getur í fyrstu undirgrein að gera lögbæru yfirvöldunum sem afhentu upplýsingarnar grein fyrir nöfnum og umboði einstaklinganna sem eiga að fá þær.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum hvaða yfirvöld eða stofnanir geta þegið upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein.

Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 31. desember 2000, taka saman skýrslu um beitingu ákvæða þessarar málsgreinar.“

4. Í stað 6. mgr. 12. gr. tilskipunar 77/780/EBE og 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 93/22/EBE komi eftirfarandi:

„6. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki koma í veg fyrir að lögbært yfirvald veiti:

- seðlabönkum og öðrum stofnunum sem gegna svipuðu hlutverki á sviði peningamála,
- eftir atvikum, öðrum opinberum yfirvöldum sem annast eftirlit með greiðslukerfum,

upplýsingar sem koma að haldi við störf þeirra, né heldur skulu þau koma í veg fyrir að þessi yfirvöld eða stofnanir komi á framfæri við lögbær yfirvöld upplýsingum sem þau geta þurft á að halda með tilliti til 4. mgr. Um upplýsingar sem eru fengnar í þessu sambandi skulu gilda ákvæði um þagnarskyldu samkvæmt þessari grein.“

5. Í 16. gr. tilskipunar 92/49/EBE og 15. gr. tilskipunar 92/96/EBE bætist eftirfarandi málsgrein við:

„5c. Aðildarríkin geta leyft lögbærum yfirvöldum að veita:

- seðlabönkum og öðrum stofnunum sem gegna svipuðu hlutverki á sviði peningamála,
- eftir atvikum, öðrum opinberum yfirvöldum sem annast eftirlit með greiðslukerfum,

upplýsingar sem koma að haldi við störf þeirra og leyft þessum yfirvöldum eða stofnunum að koma á framfæri við lögbær yfirvöld upplýsingum sem þau geta þurft á að halda með tilliti til 4. mgr. Um upplýsingar sem eru fengnar í þessu sambandi skulu gilda ákvæði um þagnarskyldu samkvæmt þessari grein.“

6. Eftirfarandi 8. mgr. bætist við 12. gr. tilskipunar 77/780/EBE:

„8. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld sendi upplýsingarnar sem um getur í 1. til 4. mgr. til greiðslujöfnunarstöðvar eða sambærilegrar stofnunar, sem er heimilt samkvæmt landslögum að annast greiðslujöfnun eða uppgjör á markaði í viðkomandi aðildarríki, ef þau telja það nauðsynlegt til að tryggja snuðulausa starfsemi þessara stofnana með hliðsjón af vanskilum eða hugsanlegum vanskilum á markaðinum. Um upplýsingar sem eru fengnar í þessu sambandi skulu gilda ákvæði um þagnarskyldu samkvæmt 1. mgr. Aðildarríkin skulu þó tryggja að einungis sé heimilt að afhenda upplýsingar, sem eru fengnar samkvæmt 2. mgr., í tilvikum sem um getur í þessari málsgrein, að fyrir liggi skýlaust samþykki lögbærra yfirvalda sem fyrst létu þær í té.“

7. Í stað 2., 3. og 4. mgr. 50. gr. tilskipunar 85/611/EBE komi eftirfarandi:

„2. Aðildarríkin skulu kveða á um að allir þeir sem vinna fyrir eða hafa unnið fyrir lögbær yfirvöld, sem og endurskoðendur eða sérfræðingar sem koma fram fyrir hönd lögbærra yfirvalda, séu bundnir þagnarskyldu. Þetta merkir að þeir mega hvorki skýra einstaklingum né yfirvöldum frá trúnaðarmálum sem þeir öðlast vitneskju um við skyldustörf sín, nema um sé að ræða samantekt eða útdrátt af því tagi að ekki sé unnt að bera kennsl á einstök fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum, verðbréfafyrirtæki og fjárvörslufyrirtæki (hér á eftir nefnd fyrirtæki sem leggja af mörkum til starfsemi þeirra), nema um sé að ræða mál sem heyra undir hegningarlög.“

Ef fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum, eða fyrirtæki sem leggur af mörkum til starfsemi þess, er lýst gjaldþrota eða tekið nauðugt til skiptameðferðar, má engu að síður skýra frá trúnaðarmálum fyrir rétti snerti þau ekki þriðja aðila sem hefur tekið þátt í að reyna að bjarga fyrirtækinu.

3. Ákvæði 2. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld í hinum ýmsu aðildarríkjum skiptist á upplýsingum í samræmi við þessa tilskipun eða aðrar tilskipanir sem gilda um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum eða fyrirtæki sem leggja af

mörkum til starfsemi þeirra. Um slíkar upplýsingar skulu gilda ákvæði um þagnarskyldu samkvæmt 2. mgr.

4. Aðildarríkjunum er aðeins heimilt að gera samstarfssamninga, sem kveða á um upplýsingaskipti við lögbær yfirvöld í þriðju löndum, ef á upplýsingunum hvílir þagnarskylda í að minnsta kosti sama mæli og kveðið er á um í þessari grein.

5. Lögbær yfirvöld sem fá vitneskju um trúnaðarmál í samræmi við 2. eða 3. mgr. mega einungis nota hana við störf sín:

- til að fylgjast með því að skilyrði fyrir því að hefja rekstur fyrirtækis um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum, eða fyrirtækis sem leggur af mörkum til starfsemi þess, séu uppfyllt og til að auðvelda eftirlit með rekstri slíkrar starfsemi, með stjórnunar- og bókhaldsaðferðum og innri eftirlitskerfum, eða
- til að beita refsiakvæðum, eða
- við málskot sem efnt er til vegna ákvarðana lögbærra yfirvalda, eða
- við málshöfðun sem stofnað er til samkvæmt 2. mgr. 51. gr.

6. Ákvæði 2. og 5. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir upplýsingaskipti:

- a) innan aðildarríkis, ef um fleiri en ein lögbær yfirvöld er að ræða; eða
- b) innan aðildarríkis eða milli aðildarríkja, milli lögbærra yfirvalda og:
 - yfirvalda sem annast opinbert eftirlit með lánastofnunum, fjárfestingarfyrirtækjum, váttrygginga-félögum og öðrum fjármála-stofnunum og yfirvalda sem annast eftirlit með fjármálamörkuðum,
 - stofnana sem tengjast félagsslitum eða gjaldþrotameðferð fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum, og fyrirtækja sem leggja af mörkum til starfsemi þeirra, eða annarri ámóta meðferð,
 - einstaklinga sem annast framkvæmd lögboðinnar endurskoðunar á reikningum váttryggingafélaga, lánastofnana, fjárfestingarfyrirtækja og annarra fjármála-stofnana, þegar þau gegna eftirlitshlutverki sínu, og þau skulu

heldur ekki koma í veg fyrir að stofnunum sem stjórna bótakerfum séu veittar nauðsynlegar upplýsingar svo þær geti innt störf sín af hendi. Um slíkar upplýsingar skulu gilda ákvæði um þagnarskyldu samkvæmt 2. mgr.

7. Þrátt fyrir 2. til 5. mgr. geta aðildarríkin leyft skipti á upplýsingum milli lögbærra yfirvalda og:

- yfirvalda sem annast eftirlit með stofnunum sem tengjast félagsslitum og gjaldþrotaskiptum fjármagnsfyrirtækja og annarri ámóta meðferð, eða
- yfirvalda sem annast eftirlit með einstaklingum sem sjá um lögboðna endurskoðun reikninga váttryggingafélaga, lánastofnana, fjárfestingarfyrirtækja og annarra fjármagnsfyrirtækja.

Aðildarríki sem nýta sér þann kost sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein skulu krefjast þess að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt hið minnsta:

- upplýsingarnar skulu fengnar til að annast eftirlit eins og um getur í fyrstu undirgrein,
- um upplýsingar sem eru fengnar í þessu sambandi skulu gilda ákvæði 2. mgr. um þagnarskyldu,
- séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki er ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis frá lögbærum yfirvöldum sem hafa afhent þær og þá einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum hvaða yfirvöld geta þegið upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein.

8. Þrátt fyrir 2. til 5. mgr. geta aðildarríkin, með það að markmiði að auka stöðugleika fjármálakerfisins og gera það heilsteypara, leyft skipti á upplýsingum milli lögbærra yfirvalda og yfirvalda eða stofnana sem hafa það hlutverk samkvæmt lögum að ljósra upp um og rannsaka brot á félagarétti.

Aðildarríki sem nýta sér þann kost sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein skulu krefjast þess að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt hið minnsta:

- upplýsingarnar skulu fengnar til að annast eftirlit eins og um getur í fyrstu undirgrein,
- um upplýsingar sem eru fengnar í þessu sambandi skulu gilda ákvæði 2. mgr. um þagnarskyldu,

- séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki er ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis frá lögbærum yfirvöldum sem hafa afhent þær og þá einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

Ef svo ber undir í aðildarríki að yfirvöld eða stofnanir, sem um getur í fyrstu undirgrein, njóta við uppljóstranir eða rannsóknir sínar aðstoðar einstaklinga, sem hafa verið tilnefndir í þessu skyni vegna sérþekkingar sinnar en starfa ekki á vegum hins opinbera, er heimilt að láta hugsanleg upplýsingaskipti, sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, ná einnig til slíkra einstaklinga með þeim skilyrðum sem sett eru í annarri undirgrein.

Við beitingu síðasta undirliðar annarrar undirgreinar ber yfirvöldum eða stofnunum sem um getur í fyrstu undirgrein að gera lögbæru yfirvöldunum sem afhentu upplýsingarnar grein fyrir nöfnum og umboði einstaklinganna sem eiga að fá þær.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum hvaða yfirvöld eða stofnanir geta þegið upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein.

Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 31. desember 2000, taka saman skýrslu um beitingu ákvæða þessarar málsgreinar.

9. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki koma í veg fyrir að lögbært yfirvald veiti seðlabönkum og öðrum stofnunum sem gegna svipuðu hlutverki á sviði peningamála upplýsingar sem koma að haldi við störf þeirra, né heldur skulu þau koma í veg fyrir að viðkomandi yfirvöld eða stofnanir komi á framfæri við lögbær yfirvöld upplýsingum sem þau geta þurft á að halda með tilliti til 5. mgr. Um upplýsingar sem eru fengnar í þessu sambandi skulu gilda ákvæði um þagnarskyldu samkvæmt þessari grein.

10. Ákvæði þessarar greinar skulu koma ekki í veg fyrir að lögbær yfirvöld sendi upplýsingarnar sem um getur í 2. til 5. mgr. til greiðslujöfnunarstöðvar eða sambærilegrar stofnunar, sem er heimilt samkvæmt landslögum að annast greiðslujöfnun eða uppgjör á markaði í viðkomandi aðildarríki, ef þau telja það nauðsynlegt til að tryggja snurðulausa starfsemi þessara stofnana með hliðsjón af vanskilum eða hugsanlegum vanskilum á markaðinum. Um upplýsingar sem eru fengnar í þessu sambandi skulu gilda ákvæði um þagnarskyldu samkvæmt 2. mgr. Aðildarríkin skulu þó tryggja að einungis sé heimilt að afhenda upplýsingar, sem eru fengnar samkvæmt 3. mgr., í tilvikum sem um getur í þessari málsgrein, að fyrir liggi skýlaust samþykki lögbærra yfirvalda sem fyrst létu þær í té.

11. Þar að auki geta aðildarríkin, þrátt fyrir ákvæðin sem um getur í 2. og 5. mgr. og samkvæmt heimild í lögum, heimilað að vissar upplýsingar séu veittar öðrum deildum stjórnarskrifstofa, sem bera ábyrgð á löggjöf um eftirlit með fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum, og fyrirtækjum sem leggja af mörkum til starfsemi þeirra, lánastofnunar, fjármálastofnunar, fjárfestingarfyrirtækjum og váttryggingafélögum svo og eftirlitsmönnum sem koma fram fyrir hönd þessara deilda.

Slíkar upplýsingar má þó aðeins veita þegar þess er þörf vegna eftirlits með starfsemi.

Þó skulu aðildarríkin kveða á um að upplýsingar sem fengnar eru samkvæmt 3. og 6. mgr. megi aldrei veita í þeim tilvikum sem um getur í þessari málsgrein nema fyrir liggja skýlaust samþykki þeirra yfirvalda sem veittu upplýsingarnar.“

5. gr.

Eftirfarandi bætist við:

- í tilskipun 77/780/EBE, sem 12. gr. a,
- í tilskipun 92/49/EBE, sem 16. gr. a,
- í tilskipun 92/96/EBE, sem 15. gr. a,
- í tilskipun 93/22/EBE, sem 25. gr. a,
- og í tilskipun 85/611/EBE, sem 50. gr. a,

svohljóðandi:

„1. Aðildarríkin skulu að lágmarki kveða á um að:

a) hverjum þeim einstaklingi, sem til þess hefur heimild í skilningi tilskipunar 84/253/EBE(*) og annast í fjármagnsfyrirtæki það verk sem er lýst í 51. gr. tilskipunar 78/660/EBE(**), 37. gr. tilskipunar 83/349/EBE eða 31. gr. tilskipunar 85/611/EBE eða annað lögbodid verk, skuli skylt að upplýsa jafnharðan lögbær yfirvöld um málsatvik eða ákvörðun varðandi fyrirtækið, sem viðkomandi hefur orðið áskynja um í starfi sínu og getur:

- falist í því að efnislega er gengið á svig við lög eða stjórnsluákvæði, sem fjalla um skilyrði

fyrir veitingu leyfis, eða sem fjalla sérstaklega um starfrækslu fjármagnsfyrirtækja, eða

- haft áhrif á áframhaldandi rekstur fjármagnsfyrirtækisins, eða
 - leitt til þess að ekki er skrifað upp á reikningana eða að fyrirvarar eru settir;
- b) þessum sama einstaklingi ber skylda til að upplýsa um málsatvik og ákvarðanir, sem hann verður áskynja um við starf sitt eins og um getur í a-lið, í fyrirtæki sem hefur nán tengsl vegna yfirráðatengsla við fjármagnsfyrirtækið þar sem hann vinnur framangreint verk.

2. Ekki skal litið svo á að það athæfi einstaklinga, sem til þess hafa heimild í skilningi tilskipunar 84/253/EBE, í góðri trú að upplýsa lögbær yfirvöld um málsatvik eða ákvarðanir samkvæmt 1. mgr., sé brot á þagnarskyldu sem komið hefur verið á með samningi eða lögum eða stjórnsluákvæðum og skal ekki kalla þá til ábyrgðar með neinum hætti.

(*) Stjtið. EB nr. L 126, 12. 5. 1984, bls. 20.

(**) Stjtið. EB nr. L 222, 14. 8. 1978, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 90/605/EBE (Stjtið. EB nr. L 317, 16. 11. 1990, bls. 60).“

6. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 18. júlí 1996. Þau skulu tilkynna það framkvæmda-stjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

7. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. júní 1995.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

K. HÄNSCH

forseti

Fyrir hönd ráðsins,

M. BARNIER

forseti.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/16/03

nr. 3/96
frá 26. janúar 1996

**um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/30/EB frá 30. júní 1995 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 90/679/EBE um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum (sjöunda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE⁽²⁾) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi liður bætist við 15. lið (tilskipun ráðsins 90/679/EBE) í XVIII. viðauka við samninginn:

„- **395 L 0030:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/30/EB frá 30. júní 1995 (Stjttíð. EB nr. L 155, 6. 7. 1995, bls. 41)“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 95/30/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 26. janúar 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

Françoise Gaudenzi-Aubier

(¹) Stjttíð. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

(²) Stjttíð. EB nr. L 155, 6. 7. 1995, bls. 41.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 95/30/EB

frá 30. júní 1995

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 90/679/EBE um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum (sjöunda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðu ⁽¹⁾, einkum 17. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/679/EBE frá 26. nóvember 1990 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum (sjöunda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) ⁽²⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 93/88/EBE ⁽³⁾, einkum 19. gr.,

með hliðsjón af álitum ráðgjafarnefndarinnar um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Líta ber á ákvæði tilskipunar 90/679/EBE sem mikilvægan þátt í heildarstefnu sem miðar að því að vernda heilsu starfsmanna á vinnustöðum.

Í tilskipun 93/88/EBE er að finna fyrsta listann yfir líffræðilega áhrifavalda á grundvelli skilgreininganna sem koma fram í 2., 3., og 4. tölul. í d-lið 2. gr. tilskipunar 90/679/EBE en markmið hennar er að samræma skilyrði á þessi sviði jafnframt því að viðhalda þeim ávinningi sem orðið hefur.

Listinn og flokkun líffræðilegra áhrifavalda skal athugaður reglulega og endurskoðaður á grundvelli nýrra vísindalegra gagna.

Einkum skal stefnt að því að áhrifavaldar sem merktir eru með stjörnu í flokkuninni, vegna þess að þeir eru að jafnaði ósmítnæmir þegar þeir berast í lofti, og aðildarríkjanna er að

meta hvort hugsanlegt sé að fallið verði frá tilteknum innilokunar-ráðstöfunum í vissum tilvikum, séu endurmetnir á grundvelli nýjustu þekkingar og endurflokkaðir svo hægt sé að aðlaga þá raunverulegum aðstæðum að því er varðar hættu á vinnustöðum.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndarinnar sem er skipuð samkvæmt 17. gr. tilskipunar 89/391/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**1. gr.**

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 90/679/EBE er breytt í samræmi við viðauka þessarar tilskipunar.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun eigi síðar en 30. nóvember 1996. Þau skulu tilkynna það framkvæmda-stjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.**4. gr.**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. júní 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Padraig FLYNN

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 183, 29. 6. 1989, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 374, 31. 12. 1990, bls. 1.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 268, 29. 10. 1993, bls. 71.

VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á III. viðauka við tilskipun 90/679/EBE:

1. Undir fyrirsögninni „VEIRUR“ eru eftirfarandi breytingar gerðar á flokknum „*Retroviridae*“:
 - a) Eftirtaldir áhrifavaldar eru endurflokkaðir úr 3. flokki í flokk 3(**):
 - Ónæmisbæklandi veirur í mönnum,
 - T-eitlafrumsæknar veirur í mönnum (HTLV), tegundir 1 og 2.
 - b) SIV-veiran bætist við og er flokkuð í flokk 3(**).
 - c) Tilvísun í neðanmálgrein „h“ á eftir orðinu „*Retroviridae*“ komi á eftir bókstöfunum „SIV“.

2. Í stað textans í neðanmálgrein „h“ á eftir lista yfir veirur komi textinn:

„Á þessari stundu liggja engar sannanir fyrir um að sjúkdómar í mönnum stafi af öðrum retróveirum úr öpum. Í varúðarskyni er mælt með 3. innlokunarstigi þegar unnið er með þær.“

3. Undir fyrirsögninni „SNÍKLAR“ eru eftirfarandi áhrifavaldar endurflokkaðir úr 3. flokki í flokk 3(**):

Echinococcus granulosus
Echinococcus multilocularis
Echinococcus vogeli
Leishmania brasiliensis
Leishmania donovani
Plasmodium falciparum
Taenia solium
Trypanosoma brucei rhodesiense

4. Eftirfarandi neðanmálgrein bætast við á eftir listanum yfir sníkla:

„(**) Sjá 8. lið í inngangsathugasemdum.“

5. Eftirtaldir áhrifavaldar bætast við og eru flokkaðir í 2. flokk:

- undir fyrirsögninni „GERLAR“:
„*Streptococcus suis*“
- undir fyrirsögninni „SNÍKLAR“:
„*Cyclospora cayetanensis*“.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.737 - Sandoz/Ciba-Geigy)

96/EES/16/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 27. 3. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Ciba-Geigy AG, Basel, og Sandoz AG, Basel, sameinuðust að öllu leyti í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Ciba-Geigy AG: Rannsóknir, þróun, framleiðsla og sala á lyfjum og kemískum efnum sem eru notuð við jarðrækt og í iðnaði,
 - Sandoz AG: Rannsóknir, þróun, framleiðsla og sala á lyfjum, kemískum efnum sem eru notuð við jarðrækt, næringarefnum og kemískum byggingarefnum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 102, 4. 4. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.737 - Sandoz/Ciba-Geigy, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.740 - Krupp II)

96/EES/16/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. 3. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Fried Krupp AG Hoesch-Krupp (Krupp) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins yfirráð yfir Acciai Speciali Terni SpA (AST) í kjölfar breytinga á félagasamþykktum KAI og með kaupum á breytanlegum skuldabréfum.

Tadfin SpA mun áfram vera óbeinn hluthafi í AST.

2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

(¹) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

- Krupp: Framleiðsla og dreifing á stálvörum, málmum og öðrum efnum, að meðtöldum heildregnum og logsoðnum rörum sem uppfylla nákvæmniskröfur, titánvörum, smíðisgripum mótuðum með hamri og smíðisgripum mótuðum með fallhamri, hönnun og framleiðsla á vélum, tækjum, íhlutum, rafkerfum, ferðaskrifstofu-, dráttar- og flutningsþjónusta,
 - KAI: Eignarhaldsfélag fyrir AST,
 - AST: Framleiðsla og dreifing á stálvörum, smíðisgripum mótuðum með hamri og smíðisgripum mótuðum með fallhamri, titánvörum og logsoðnum stálrörum til sérstakra nota.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 104, 10. 4. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.740 - Krupp II, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins 96/EES/16/06
nr. 17/62⁽¹⁾ varðandi mál nr. IV/E-3/35.757 - British Gas plc -
Network Code

Þann 18. október 1995 tilkynnti TransCo, sem er sú deild innan British Gas plc sem ber ábyrgð á flutningi og geymslu á gasi, framkvæmdastjórninni um samning (Network Code) sem skuldbindur fyrirtækið og viðskiptavinum þess hvað varðar gasflutning og geymslu. TransCo fór fram á að mótmælum yrði ekki hreyft en annars undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans.

Framkvæmdastjórnin ætlar að taka jákvæða afstöðu gagnvart framangreindum samningi. En áður en af því verður gefur gefur hún þriðju aðilum kost á að senda athugasemdir sínar innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB nr. C 93, 29. 3. 1996, með tilvísun til máls nr. IV/E-3/35.757 - British Gas plc - Network Code, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate General for Competition
Directorate E
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204.

**Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins 96/EES/16/07
nr. 17/62⁽¹⁾ varðandi mál nr. IV/E-3/35.875 - Nuclear Electric plc/
British Nuclear Fuels plc**

Þann 22. desember 1995 tilkynnti Nuclear Electric plc and British Nuclear Fuels plc nokkra samninga, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62, er varða afhendingu og starfrækslu á eldsneytisbúnaði sem er notaður í þróuð gaskæld hvarfrými (Advanced Gas Cooled Reactors - AGR).

Framkvæmdastjórnin ætlar að taka jákvæða afstöðu gagnvart tilkynntum samningum. En áður en af því verður gefur gefur hún þriðju aðilum kost á að senda athugasemdir sínar innan fjögurra vikna frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB nr. C 89, 26. 3. 1996, með tilvísun til máls nr. IV/E-3/35.875 - Nuclear Electric plc/British Nuclear Fuels plc, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate General for Competition
Directorate E
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

**Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins 96/EES/16/08
nr. 17/62⁽¹⁾ varðandi mál nr. IV/E-3/35.876 - Scottish Nuclear Ltd/
British Nuclear Fuels plc**

Þann 22. desember 1995 tilkynnti Scottish Nuclear and British Nuclear Fuels plc nokkra samninga, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62, er varða afhendingu og starfrækslu á eldsneytisbúnaði sem er notaður í þróuð gaskæld hvarfrými (Advanced Gas Cooled Reactors - AGR).

Framkvæmdastjórnin ætlar að taka jákvæða afstöðu gagnvart tilkynntum samningum. En áður en af því verður gefur gefur hún þriðju aðilum kost á að senda athugasemdir sínar innan fjögurra vikna frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB nr. C 89, 26. 3. 1996, með tilvísun til máls nr. IV/E-3/35.876 - Scottish Nuclear Ltd/British Nuclear Fuels plc, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate General for Competition
Directorate E
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

(¹) Stjtið. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.651 - AT&T/Philips)****96/EES/16/09**

Framkvæmdastjórnin ákvað 5. 2. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1049 Brussels

Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.672 - BP/Sonatrach)****96/EES/16/10**

Framkvæmdastjórnin ákvað 12. 2. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1049 Brussels

Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.685 - Siemens/Lagardere)****96/EES/16/11**

Framkvæmdastjórnin ákvað 8. 2. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
150, avenue de Cortenberg
B-1049 Brussels

Bréfasími: +32 2 296 43 01

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Skrá yfir ákvarðanir og tilskipanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt**96/EES/16/12**

Framkvæmdastjórnin hefur birt eftirfarandi ákvarðanir og tilskipanir:

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 31. október 1995 um ríkisstyrk frá Freie und Hansestadt Hamburg til KBE-fyrirtækisins Hamburger Stahlwerke GmbH, Hamburg (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. L 78, 28. 3. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 31. október 1995 um styrk sem Spánn veitti fyrirtækinu Seat SA, sem aðild á að Volkswagen-samstæðunni (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. L 88, 5. 4. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 5. febrúar 1996 um breytingu á ákvörðun 92/532/EBE um sýnatökuáætlanir og greiningaraðferðir við greiningu og staðfestingu á tilteknum fisksjúkdómum (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. L 79, 29. 3. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 14. mars 1996 um skrá yfir viðurkenndar fiskeldisstöðvar í Danmörku (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. L 77, 27. 3. 1996).

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 19. mars 1996 um breytingu í ýmsum tilskipunum ráðsins um markaðssetningu á sæði og fjölgunarefni (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. L 76, 23. 3. 1996).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. mars 1996 um aðra breytingu á ákvörðun 95/296/EB um tilteknar verndarráðstafanir vegna svínapestar í Þýskalandi (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. L 78, 28. 3. 1996).

**Ríkisaðstoð
Mál nr. C 2/88
Grikkland****96/EES/16/13**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að útvíkka málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoð sem Grikkland ætlar að veita fyrirtækinu Heracles General Cement Company (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 84, 21. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

European Commission
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Grikkland.

**Ríkisaðstoð
Mál nr. C 54/95
Ítalía****96/EES/16/14**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoð sem Ítalía veitti fyrirtækjunum Ferriera Acciaieria Casilina SpA, Acciaierie del Sud SpA, Officine Laminatoi Sebino SpA, Montifer Srl, Moccia Irme SpA og Mini Acciaieria Odolese SpA (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 101, 3. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

European Commission
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Ítalíu.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 55/95
Ítalía

96/EES/16/15

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar endurfjármögnun sem nemur allt að 1 800 milljörðum LIT í þágu Enirisorse-samstæðunnar í forni rekstaraðstoðar vegna endurskipulagningar (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 102, 4. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

European Commission
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Ítalíu.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 61/95
Þýskaland

96/EES/16/16

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoð sem Þýskaland veitti fyrirtækinu Gildemeister AG, Bielefeld (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 101, 3. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

European Commission
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 5/96
Frakkland

96/EES/16/17

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoð sem Frakkland veitti fyrirtækinu Saab Scania sem er ætluð verksmiðju vörubílaframleiðandans í Angers (Maine et Loire) (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 84, 21. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

European Commission
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Frakkland.

Orðsending frá frönskum stjórnvöldum samkvæmt tilskipun 96/EES/16/18
Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir
veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna
kolvatnsefni⁽¹⁾

Framkvæmdastjórnin birti orðsendingu frá frönskum stjórnvöldum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni, er varðar auglýsingu um umsókn um nytjaleyfi til að leita að olfu og gasi á sérleyfissvæðinu „La Chaussée-sur-Marne” í Stjttíð. EB nr. C 93, 29. 3. 1996 (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjttíð. EB).

Reglur um aðstoð við gerviefnaiðnaðinn

96/EES/16/19

Framkvæmdastjórnin birti nýjar reglur um aðstoð við gerviefnaiðnaðinn í Stjttíð. EB nr. C 94, 30. 3. 1996. Ákveðið var að hún myndi herða eftirlit innan bandalagsins með veitingu ríkisstyrkja til gerviefnaiðnaðarins. Reglunum verður komið í framkvæmd 1. apríl 1996 og gilda í þrjú ár (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjttíð. EB).

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 164, 30. 6. 1994, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 25, 8. 7. 1995, bls. 2.

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

96/EES/16/20

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjttíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjttíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópubingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjttíð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

| Tilvísun ⁽¹⁾ | Titill | Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾ |
|-------------------------------|---|---|
| 96-0044-B | Drög að konungsúrskurði um markaðssetningu á túttum og snuðum fyrir unga- og kornabörn | 26.6.1996 |
| 96-0051-P | Grunnvirki fyrir fjarskipti á áskriftarnetinu (RITA) - tengidósir í einkakapalferfinu - tækniforskriftir og gæðaforskriftir | 28.6.1996 |
| 96-0052-P | Grunnvirki fyrir fjarskipti á áskriftarnetinu (RITA) - V-kaplar - tæknilegar forskriftir og gæðaforskriftir | 28.6.1996 |
| 96-0053-P | Grunnvirki fyrir fjarskipti á áskriftarnetinu (RITA) - símainnstungur - tæknilegar forskriftir og gæðaforskriftir | 28.6.1996 |
| 96-0054-P | Grunnvirki fyrir fjarskipti á áskriftarnetinu (RITA) - TDV-kaplar - tæknilegar forskriftir og gæðaforskriftir | 28.6.1996 |
| 96-0055-P | Grunnvirki fyrir fjarskipti á áskriftarnetinu (RITA) - tengi- og dreifikerfi - tæknilegar forskriftir og gæðaforskriftir | 28.6.1996 |
| 96-0056-P | Grunnvirki fyrir fjarskipti á áskriftarnetinu (RITA) - tengidósir í almenna kapalferfinu (C1, C2, C3 og C4) - tæknilegar forskriftir og gæðaforskriftir | 28.6.1996 |
| 96-0057-P | Grunnvirki fyrir fjarskipti á áskriftarnetinu (RITA) - TVV- og TVHV-kaplar - tæknilegar forskriftir og gæðaforskriftir | 28.6.1996 |
| 96-0058-P | Grunnvirki fyrir fjarskipti á áskriftarnetinu (RITA) - einingar í lokaða áskriftarkerfinu - tæknilegar forskriftir og gæðaforskriftir | 28.6.1996 |
| ⁽³⁾ ⁽⁴⁾ | | |

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjttíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningararnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

⁽²⁾ Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

⁽³⁾ Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.